



## Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps  
mánudaginn 11. desember 2017 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður, Rebekka Eiríksdóttir og Jóhanna Ösp Einarsdóttir í forföllum Egils Sigurgeirssonar. Einnig sat fundinn Kristján Ingi Arnarsson staðgengill skipulags- og byggingafulltrúa og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður

Formaður bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum á dagsskrá, engin önnur mál bárust. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

**1. 1712015 - Aðalskipulag Dalabyggðar 2004 - 2016, aðalskipulagsbreyting**

Erindi frá byggingafulltrúaembætti Dalabyggðar og Reykólahrepps dagsett 30. nóvember 2017.

*Nefndin gerir ekki athugasemdir við fyrirleggjandi gögn. Samþykkt samhljóða.*

**2. 1712014 - Vegna áhuga á lóðum við Hellisbraut á Reykhólum.**

Erindi frá sveitarstjóra dagsett 8. desember 2017, þar sem kynntur er sá áhugi aðila á íbúðarhúsalóðum sem eru á samþykktu deiliskipulagi frá árinu 2014. Hugmyndir aðila, eru að húsnæði sem ekki fellur að skipulaginu eins og það er samþykkt í dag.

*Nefndin er jákvæð fyrir þeim breytingum sem gera þyrfti á skipulagi til að mæta óskum framkvæmdaraðila. Breytingarnar felast í víxlun á raðhúsum og einbýlishúsum, stækkun íbúða í raðhúsum og skipulagningu bílskúra við endaíbúðir og að gert verði ráð fyrir tvílyftu einbýlis húsnæði. Skipulagsfulltrúa falið að athuga hvort hækkun á húsi geti fallið undir óverulega breytingu, óháð öðrum breytingum á deiliskipulagi. Samþykkt samhljóða.*

**3. 1712016 - Erindi frá Reyni Bergsveinssyni.**

Erindi dagsett 6. desember 2017, þar sem Reynir fer yfir hugmyndir að leiðavali í aðalskipulagsbreytingu vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi 60 sem unnið er að þessa dagana.

*Farið yfir erindið og það kynnt. Sveitarfélagið hefur þegar sent fyrirspurnir til Vegagerðarinnar er varða mörg atriði sem fram koma í erindinu, vegna vinnu við breytingu á aðalskipulagi. Beðið er svara frá Vegagerðinni varðandi þau atriði.*

**4. 1712017 - Öryggismál í höfnum landsins.**

Erindi Samgöngustofu til aðildahafna Hafnasambands Íslands dagsett 6. desember 2017.

*Erindi lagt fram og kynnt. Sveitarstjóra falið að kynna umsjónarmanni fasteigna og hafnarstafsmanni erindið.*

5. 1701022 - Fundargerð 399. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.

*Fundargerð lögð fram og kynnt.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 11.30.

|       |       |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |